

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Fyrirspurn Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi vegna nýtt hverfisskipulag (US200280)

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 02.09.2020 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn
Mál nr. US200280 vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

*Efni: Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá það sundurliðað hvaða hugmyndir sem birtar eru í vinnutillögum nýs hverfisskipulags Breiðholts komu frá íbúum sjálfum og hvaða tillögur komu frá borgar- og skipulagsyfirvöldum eða öðrum?
Var það t.d. ósk íbúa Breiðholts að svo mikil þétting byggðar yrði?*

Svar við fyrirspurn:

Vinnutillögur byggja á samráði sem fór fram á árunum 2015-2017. Ítarlega er gerð grein fyrir þessu samráði í skýrslunni **Borgarhluti 6, Breiðholt. Íbúapátttaka og samráð**, dagsett 20.12. 2019,¹ Skoða má þessa skýrslu á <https://skjol.hvsk.is/tillogur/breidholt/hvsk-breidholt-ibua-samrad-drog.pdf>. Skýrsla þessi var send á alla fulltrúa í skipulags- og samgönguráði með innanhúspósti 11. júní 2020.

Skipulag og vinna við samráðið

Skipulag samráðsins var þannig að fyrst mótuðu ráðgjafahópar í Breiðholti hugmyndir að framtíðarsýn á grundvelli verklýsinga sem búið var að kynna og samþykkja. Þegar hugmyndir að framtíðarsýn lágu fyrir voru þær lagðar fyrir rýnihópa sem Gallup hélt utan um. Í borgarhluta 6 Breiðholti voru myndaðir fimm rýnihópar og voru haldnir fundir með þeim á tímabilinu 22. febrúar til 1. mars 2016. Hver fundur með rýnihóp tók um eina og hálfu klukkustund. Mæting var ágæt eða frá 8 til 11 í hverjum hópi eða um 50 manns.

Hugmyndin á bak við rýnihópana var að gera fulltrúum borgarinnar og ráðgjöfum kleift að setja sig í spor íbúa úr borgarhlutanum og skoða viðhorf þeirra til þéttingarsvæða, hverfiskjarna, samgöngumála, grænna áherslna og skilmálagærðar fyrir núverandi byggð.

¹ Borgarhluti 5, Breiðholt. Íbúapátttaka og samráð dagsett 20.12. 2019



Rýnihóparnir fóru þannig fram að fylgst var með hópi fólks ræða þær hugmyndir sem verið var að meta en nærvera frá fulltrúum borgarinnar og ráðgjafa hafði ekki áhrif á umræðuna. Rýnihóparnir fóru fram í þægilegu og óþvinguðu umhverfi í húsakynnum Gallup. Sérfræðingur frá Gallup sá um að stýra umræðum. Má lýsa framkvæmdinni sem óformlegu samtali fámenns hóps þátttakenda þar sem umræðustjórinn kynnti hugmyndir að hverfisskipulagi með glærusýningu á skjávarpa og leiddi umræðurnar. Umræðurnar í hópunum stýrðust af skilgreindum ramma og voru verkefni eða leikir notaðir þegar við átti til að auka samræður og fá fólk til að hugsa á ferskan hátt um viðfangsefnið.

Hópaskipting var ákveðin í samráði Reykjavíkurborgar og Gallup og tók mið af því að þátttakendur í hverjum hópi væru á svipuðum aldri. Þannig voru búnir til fjórir til fimm hópar úr hverjum borgarhluta þar sem þátttakendur voru að jafnaði átta til tíu, ýmist á aldrinum 20–35 ára, 35–55 ára, 55–70 ára eða 67 ára og eldri. Yngstu þátttakendurnir voru rétt um tvítugt en þeir elstu á níraðisaldri. Samkvæmt þeirri aðferðafræði sem Gallup starfar eftir er reynt að hafa aldursmun þátttakenda í rýnihópum ekki mikinn. Þetta er gert til að koma í veg fyrir árekstra á milli kynslóða vegna aldurs, reynslu eða þekkingar. Einnig ber að nefna að íbúar á ólíkum aldri nota mismunandi þjónustu, s.s. leikskóla, grunnskóla, vegakerfi, almenningsamgöngur, velferðarþjónustu o.s.frv.

Í rýnihópum voru þátttakendum kynntar hugmyndir, sjá viðauka Glæsur frá rýnihópum Gallup 22. febrúar til 1. mars 2016.² Þeir ræddu þessar hugmyndir og lýstu skoðunum sínum. Gallup leggur mikla áherslu á að viðskiptavinurinn fylgist með umræðum hópanna, en það er gert á skjá í öðru rými með vitund og vilja þátttakenda í rýnihópunum. Auk þess voru umræður teknar upp en starfsmaður Gallup gerði síðan orðrétt afrit af samræðum í rýnihópunum ásamt stuttum útdrætti. Hvort tveggja var síðan afhent fulltrúum hverfisskipulagsins og notað við úrvinnslu og áframhaldandi tillögugerð. Nefna má að þessi orðréttu afriti af samtölum í hverjum rýnihópi eru mikil að vöxtum. Að jafnaði er hver skýrsla úr rýnihópum um 50 blaðsíður. Í Breiðholti voru 5 rýnihópar og afritin því um 250 blaðsíður samtals. Til að auðvelda yfirferðina skilaði Gallup einnig styttri samantekt. Niðurstöður rýnihópa Gallups í Breiðholti voru síðan notaðar til þess að þróa áfram hugmyndir.

Næsta skref var að ráðgjafar lagfærðu hugmyndir sem síðan voru kynntar á A0-veggspjöldum á íbúafundum. Þar var íbúum gefinn kostur á að koma á framfæri skoðunum á hugmyndunum og óskum um úrbætur með miðakerfi (miðakerfið er útskýrt nánar hér að aftan). Einnig gafst íbúum kostur á að segja sína skoðun á hugmyndum með því að skrifa athugasemdir á flettitöflur á fundunum.

Skapandi samráð (Planning for Real)

Skapandi samráð er vinnuheiti á aðferð sem hverfisskipulag beitir. Grunnhugmyndin byggir á ensku aðferðafræðinni Planning for Real. Í henni eru íbúar (oft börn) fengin til að hjálpa til við að búa til einfalt módel af sínu hverfi, sem svo er notað sem samráðstæki á íbúafundum. Gestum fundarins er þá boðið að koma á framfæri sínum athugasemdum með því að leggja litla miða með hugmyndum inn á módelið á þann stað sem við á. Hver miði er svo í fundarlok skráður í gagnabanka sem nýtist við áframhaldandi skipulagsvinnu. Kostirnir við þessa aðferðafræði eru m.a. að módelvinna barna/íbúa hverfisins vekur athygli á verkefninu og gefur íbúunum hlutdeild í því og tækifæri eru til að koma fleiri skoðunum á framfæri en heyrast á hefðbundnum íbúafundum. Auðveldara er fyrir þá sem eru óframfærni, feimni eða finnst óþægilegt að viðra skoðanir sínar opinberlega að koma hugmyndum


² Ibid bls 73 - 80

sínum á framfæri þar sem ekki þarf að gera það munnlega. Módelin eru meðfærileg svo auðvelt er að setja þau upp hvar sem er og færa þannig fundina nær íbúum eða einstökum hópum sem óskað er eftir hugmyndum frá. Skráning á niðurstöðum funda (þ.e. miðunum sem lagðir eru á módelið) er fljótleg og auðvelt er að miðla þeim á aðgengilegan hátt til almennings og annarra sem málið varðar. Aðferðin styrkir þannig beint íbúalýðræði. Gerð er grein fyrir þessari aðferðarfærði í samráðskýrslu fyrir Breiðholt.³

Sérstakt miðakerfi var útbúið fyrir Skapandi samráð og notað á samráðsfundum með íbúum. Fundargestir gátu valið miða með áprentuðum hugmyndum/athugasemdum eða tekið tóma miða og skrifað á þá eigin hugmyndir og lagt á viðeigandi stað á módelið sem grunnskólanemar höfðu gert. Niðurstöður í miðasjá má skoða hér: <https://hverfisskipulag.is/midasja/>.

Niðurstöður - samkvæmt greiningu í miðasjá

Í miðasjá er hægt að skoða einstaka miða en einnig fá yfirlit yfir fjölda miða um einstök málefni.




Myndin sýnir alla miða sem fram komu í samráði við börn og ungmenni og fullorðna íbúa á tímabilinu 2015-2016.


Hver miði stendur fyrir eina hugmynd sem þátttakandi leggur fram. Þannig má segja að 925 hugmyndir hafi komið frá íbúum í samráðinu. Þær skiptast þannig:

- Börn og ungmenni 345 hugmyndir, sjá mynd fyrir neðan
- Íbúar 580 hugmyndir, sjá mynd fyrir neðan

³ Ibid bls 24 – 29.



Miðar frá fundum með börnum og ungmennum



Miðar frá íbúafundum

Rétt er að geta þess að nokkur munur er gjarnan á áherslum fullorðinna annars vegar og barna og ungmenna hins vegar. Skortur á bílastæðum eru ofarlega í huga fullorðinna meðan öruggar og góðar göngu- og hjólaleiðir eru ofar í huga ungmennanna. Báðir hópar hafa hinsvegar áhuga á auknu umferðaröryggi, aukinni nærþjónusta og bættri aðstöða til íþróttar, leikja og útivistar.



Hvernig unnið var með niðurstöður samráðs 2015-2017 inn i vinnutillögur

Á tímabilinu september 2015 til apríl 2017 var veruleg vinna lögð í samráð við íbúa í Breiðholti við þróun hugmynda og tillagna að hverfisskipulagi. Farið er vel yfir það samráð í skýrslunni.⁴

Hér verður fjallað örstutt um hvernig unnið var með athugasemdir frá íbúum sem bárust á tímabilinu 2015-2017.

Hverfiskjarnar

Endurreisn hverfiskjarna er mikilvægt málefni fyrir alla íbúa.

Arnarbakki

Við Arnarbakka voru lagðar fram hugmyndir um uppbyggingu vorið 2016. Þær hugmyndir fengu jákvæð viðbrögð. Á síðast ári var því byrjað að vinna drög að sérstöku deiliskipulagi fyrir Arnarbakka sem sýnt er á kynningarsíðunni fyrir Breiðholt.

Miðsvæði við Rangársel

Í Seljahverfi voru kynntar hugmyndir vorið 2016 um styrkingu og fegrun miðsvæðisins við Rangársel. Þátttakendur í fyrra samráði hugnaðist ágætlega að þetta byggð á þessu svæði en margir töldu að verslun ætti erfitt með að þrífast á svæðinu. Á grundvelli þessa voru kynntar hugmyndir að mögulegri uppbyggingu við Rangársel og Hólmasel á kynningarsíðunni fyrir Breiðholt í júlí.

Austurberg

Í Efra Breiðholti voru kynntar hugmyndir um að breyta Austurbergi í borgargötu, bæta umhverfisfrágang, leggja áherslu á fjölbreytta ferðamáta og aukið umferðaröryggi. Einnig voru kynntar hugmyndir um uppbyggingu með því að færa bílastæði milli FB og sundlaugarinnar neðanjarðar til að fá bættu nýtingu á svæðinu og byggja meðfram væntanlegri borgargötu. Á grundvelli þessa voru kynntar hugmyndir að mögulegri uppbyggingu við Austurberg í vinnutillögum 2020.

Völvufell

Íbúar höfðu áhyggjur af niðurnýddu húsnæði á þessu svæði og vildu úrbætur. Brugðist var við því með að hefja vinnu við nýtt deiliskipulag á reitunum en drög að því eru hluti af kynningargögnum hverfisskipulags í Efra Breiðholti.

Nærþjónusta

Á íbúafundi og meðal skólabarna í hverfinu komu fram eindregnar óskir um aukna nærþjónustu í hverfinu, sérstaklega á miðsvæði við Arnabakka, Rangársel, Völvufell, Austurberg og uppbyggingu á þjónustu við Gerðuberg og Hraunberg. Við þessu er brugðist í vinnutillögum sem voru kynntar í júlí.

⁴ sjá skýrsluna [Íbúabátttaka og samráð](#)

Uppbyggingarsvæði fyrir fjölbreyttari íbúðir

Stekkjarkakki

Í fyrra samráði var rædd hugmyndir um að byggja eina röð af einbýlis- og raðhúsum neðst í Stekkina ofan við Stekkjarkakka til að fjölga slíkum íbúðum. Þessar tillögur mæltust misvel fyrir og vildu margir halda í græna svæðið. Í vinnutillögum er lagt til að þetta svæði verði nýtt til borgarbúskapar og þar með brugðist við óskum íbúa um að halda í grænt svæði.

Breiðholtsbraut

Í fyrra samráði voru kynntar hugmyndir um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis meðfram Breiðholtsbraut, beggja vegna við götuna, til að auka atvinnutækifæri innan hverfisins og skerma íbúðarbyggðina fyrir umferðahávaða. Skiptar skoðanir voru á uppbyggingu á þessum svæðum og hugmyndirnar teknar út úr vinnutillögum sem núna eru til umræðu.

Jöklasel

Vel var tekið í hugmyndir um uppbyggingu lítilla fjölbýlishúsa við Jöklasel í rýnihópum. Á svæðinu eru núna matjurtagarðar sem Reykjavíkurborg leigir út. Mótæmi komu fram seinna bæði frá íbúum, unnendum borgarbúskapar og þeirri deild borgarinnar sem sinnir gördum og grænum svæðum. Því var fallið frá hugmyndum um að nýta svæðið fyrir íbúðabyggð og svæðið fest í sessi sem opið svæði með áherslu á borgarbúskap.

Stapasel/Holtasel

Nokkur andstaða var í fyrra samráði við hugmyndum um byggingu lítilla fjölbýlishúsa við Stapa- og Holtasel á opnu svæði sem liggur að bæjarmörkum Kópavogs. Því var fallið frá þeim hugmyndum og svæðið fest í sessi sem opið svæði.

Þ64 Suðurhólar

Þetta er þróunarsvæði fyrir íbúðabyggð samkvæmt aðalskipulagi. Svæðið er lítið notað sem útivistarsvæði að sögn margra íbúa. Því er gert ráð fyrir að skipuleggja þarna lágreista íbúðabyggð fyrir stærri fjölskylduíbúðir og íbúðum fyrir eldri borgara en mikill skortur er á þessum íbúðargerðum í Efra Breiðholti.

Þ65 Gerðuberg

Svæðið er samkvæmt Aðalskipulagi miðsvæði með fjölbreyttri þjónustu, verslun, stofnunum og félagsstarfsemi.

Í rýnihópum voru kynntar hugmyndir um uppbyggingu íbúða fyrir eldri borgara á svæðinu í tengslum við þjónustumiðstöð og bæta þannig nýtingu innviða og styrkja torgmyndun á svæðinu. Vel var tekið í hugmyndir sem sýndar eru á kynningarsíðunni fyrir Breiðholt.

Norðurfell

Í rýnihópum voru kynntar hugmyndir um uppbyggingu rað- og parhúsa við Norðurfell, neðan við Æsufell.

Hugmyndirnar fengu ekki góðar viðtökur í rýnihópum. Þeim var því sleppt í frekari vinnslu.



Þ67 Suðurfell

Svæði austan við Suðurfell sem ætlað er fyrir íbúðabyggð samkvæmt Aðalskipulagi. Nokkuð skiptar skoðanir voru um þessar hugmyndir í rýnihópum, en heldur fleiri voru þó hlynntir slíkri uppbyggingu. Í hverfisskipulagstillögum er gert ráð fyrir rað- og parhúsum til að auka fjölbreytni húsagerða í Fellahverfi.

Fastmótuð gróin byggð

Í fyrra samráði voru kynntar hugmyndir um að heimila eigendum fasteigna að skipta stærra sérbýlishúsum í tvær íbúðir. Einnig hugmyndir um að heimila húsfélögum að byggja hæð ofan á fjölbýlishús og setja lyftur til að bæta aðgengi. Hugmyndirnar hlutu almennt góðar viðtökur meðal þátttakenda í samráði 2015-2017. Íbúar höfðu hins vegar áhyggjur af skorti á bílastæðum, sem þeir vildu fjölga.

Borgargötur

Hugmyndir um að gera borgargötur í öllum hverfum voru kynntar og ræddar. Flestir íbúar voru jákvæðir gagnvart fegrun og umhverfisbótum meðfram borgargötum, en höfðu áhyggjur af að þrengt væri að bílaumferð.

Hverfisvernd

Hugmyndir um að vernda einstök hús eða hverfiseiningar í hverfinu vöktu litla eftirtekt hjá íbúum.

Samgöngur

Helstu áhyggjur íbúa voru vegna skorts á bílastæðum um allt Breiðholt og var kallað eftir því að fjölga almennum bílastæðum um allt Breiðholtið. Nokkrar tillögur voru um að vörubílastæðum væri breytt í almenn bílastæði.

Lokaorð

Mikið og viðtækt samráð átti sér stað við íbúa í Breiðholti á tímabilinu 2015-2017. Af upptalningunni fyrir ofan má sjá að brugðist var við athugasemdum íbúa sbr. yfirferð undir fyrirsögninni *Uppbyggingarsvæði fyrir fjölbreyttari íbúðir*.

Segja má að samráðið hafi verið samspil. Annars vegar var leitað álits íbúa á hugmyndum/tillögum skipulagsráðgjafa sem höfðu verið ráðnir sérstaklega til þess að móta tillögur. Um er að ræða þverfaglegan hóp sérfræðinga í hópi reyndustu skipulagsráðgjafa landsins. Hins vegar var íbúum gefin kostur á að koma með eigin hugmyndir á framfæri m.a. í gegnum miðakerfi hverfisskipulagsins. Þannig varð til samspil á milli hugmynda sérfræðinga og hugmynda frá íbúum sem fléttaðar voru saman í þær vinnutillögur sem kynntar voru í júlí 2020 á <https://hverfisskipulag.is/kynning/breidholt>.

Nánar verður gerð grein fyrir niðurstöðum úr því samráði í hverfisskipulag í Breiðholti sem fram fór 2020 í nýrri útgáfu af skýrslunni **Borgarhluti 6, Breiðholt, Íbúabáttaka og samráð** þegar vinnu er lokið.

f.h. skipulagsfulltrúa
(Ævar Harðarson deildarstjóri hverfisskipulags)